

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1795/2003

frá 13. október 2003

um breytingu á VI. viðauka við reglugerð ráðsins (EB) nr. 1493/1999 að því er varðar gæðavín frá tilgreindum héruðum

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,
með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 1493/1999 frá 17. maí 1999 um sameiginlega skipulagningu vínmarkaðarins⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 806/2003⁽²⁾, einkum 58. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í 1. lið D-páttar VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1493/1999 er mælt fyrir um að aðeins megi framleiða gæðavín f.t.h. úr þrúgum vínviðaryrkja sem koma fyrir í skrá aðildarríkisins, sem er framleiðsluríki, og eru tíndar innan tilgreinds héraðs.
- 2) Þó er í 2. lið D-páttar í þeim viðauka kveðið á um að þegar um er að ræða hefðbundnar vinnsluaðferðir, sem heyra undir sérstök ákvæði aðildarríkisins sem er framleiðsluríki, er því aðildarríki heimilt, til 31. ágúst 2003 í síðasta lagi, að fengnum skýlausum leyfum og að tilskildu viðeigandi eftirliti, að leyfa við sérstakar aðstæður að gæðafreyðivín f.t.h. sé framleitt með því að bæta í grunnafurðina, sem vínið er framleitt úr, einni eða fleiri vínafurðum sem eru ekki upprunnar í tilgreinda héraðinu sem vínið dregur nafn sitt af.
- 3) Ítalir hafa veitt þessa undanþágu við framleiðslu á gæðafreyðivínunum f.t.h. „Conegliano-Valdobbiadene“ og „Montello e Colli Asolani“. Þar sem undanþágan fellur úr gildi þann 31. ágúst 2003, og vínframleiðendur hafa

réttlætt að þeir þurfi tímabundna framlengingu á undanþágunni til að gera nauðsynlegar skipulagsbreytingar á hefðbundnu aðferðinni við að framleiða þessi vín, ber að framlengja undanþáguna til 31. ágúst 2005.

- 4) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 1493/1999 til samræms við það.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stjórnarnefndarinnar um vín.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað fyrsta undirliðar 2. liðar D-páttar VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1493/1999 komi eftirfarandi:

„Sem undanþágu frá a-lið 1. liðar þegar um er að ræða hefðbundnar vinnsluaðferðir, sem heyra undir sérstök ákvæði aðildarríkisins sem er framleiðsluríki, er því aðildarríki heimilt, til 31. ágúst 2005 í síðasta lagi, að fengnum skýlausum leyfum og að tilskildu viðeigandi eftirliti, að leyfa að gæðafreyðivín f.t.h. sé framleitt með því að bæta í grunnafurðina, sem vínið er framleitt úr, einni eða fleiri vínafurðum sem eru ekki upprunnar í tilgreinda héraðinu sem vínið dregur nafn sitt af, að því tilskildu að:“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda 1. september 2003.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. október 2003.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Franz FISCHLER

framkvæmdastjóri.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 179, 14.7.1999, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 122, 16.5.2003, bls. 1.